

Vindás

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Bærinn stendur á stórum bala vestanvert í Eiðissundi (1), en svo er kallað skarðið milli aðalfjallgarðsins og Klakks, sem er fjall á nesinu milli Grundarfjarðar og Kolgrafafjarðar. Bærinn stóð áður austar og neðar, en var færður þangað, sem hann nú er, fyrir 20 árum; þar sem bærinn stóð áður, er nú flöt.

Í austnorður frá bænum er brekka og djúp laut, sem kölluð er Fálkabrekka (2). Fyrir sunnan fjárhúsin, sem eru suður frá bænum, er grunn laut, sem heitir Kvíalaut (3). Hóllinn, sem bærinn stóð á áður, er nú kallaður Mótóftarhóll (4), suður af honum er lágur hóll, sem kallaður er Kálgarðshóll (5). Niður (suðvestur) frá bænum er laut, sem Stekkjarlaut (6) heitir, hún er innan girðingar, en utan túnsins.

Austnorður frá túninu er graslaut, sem heitir Langalág (7), liggur hún frá austri til vesturs. Fyrir austan lágina er nafnlaus flói, fyrir austan hann taka við melholt fyrir sunnan þjóðveginn. Þessi holt eru kölluð Holtatögl (8), efst í þeim eru þrír stórir steinar, er heita Nónsteinar (9). Um þá eru landmerkin milli Vindáss og Eiðis. Úr þeim er sjónhending í Grafnaháls (10) að norðan, en að sunnan í fjallsmúlann og eftir honum í Lambahnúk (11). Í múlann, sem er austan við Skálardal (12), er stór dæld, sem heitir Nátthvíld (13). Milli múlans og Hamra-Manar (14) gengur inn Skálardalur, eftir honum rennur Grjótá (15). Neðst í dalnum austanverðum kemur gil ofan hlíðina, sem heitir Þvergil (16). Fyrir framan Þvergil eru í hlíðarrótunum grassléttur, sem heita Hnúkaflatir (17). Neðan við flatirnar er langt holt frá suðri til norðurs, vestan í því við ána er grasbrekka, holt þetta heitir Hjásetuholt (18). Upp og austur af Skálardalsdrögum er allhár hnúkur, sem heitir Lambahnúkur.

Ofan austurhlíð Skálardals innarlega fellur lækur, sem rennur austar en Grjótá, lækur þessir heitir Króklækur (19) ofan á móts við Skeiðholt (20), úr því heitir hann Skeiðholtslækur (21) til sjávar. Frá Skálardalsmýrinni (22) og niður að Skeiðholti er nafnlaus flói. Með ánni fyrir vestan flóann heita Árhvamar (23). Fyrir neðan áðurnefndan flóa er stórt melholt, sem þjóðvegurinn liggur eftir, heitir það Skeiðholt, nær það niður að sjó. Brekkan sunnan í holtinu heitir Skeiðsholtsbrekka (24). Frá Skeiðholtslæk og suður að Grjótá eru vallendis-móar. Grjótá skiptir löndum milli Vindáss og Hamra.

Fyrir norðan Skeiðholt er Stekkjarlaut, sem áður er nefnd.

Stafrófsskrá örnefna

Árhvammar	23
Eiðissund	1
Fálkabrekka	2
Grafnaháls	10
Grjótá	15
Hamra-Mön	14
Hjásetuholt	18
Hnúkaflatir	17
Holtatögl	8
Kálgarðshóll	5
Króklækur	19
Kvíalaut	3
Lambahnúkur	11
Langalág	7
Mótóftarhóll	4
Nátthvíld	13
Nónsteinar	9
Skálardalsmýri	22
Skálardalur	12
Skeiðholt	20
Skeiðsholtsbrekka	24
Skeiðholtslækur	21
Stekkjarlaut	6
Þvergil	16